

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-132-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

24.10.2024 / 10:00 – 12:00

NR. FUNDAR

132

VERKHEITI

132. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurninn

FUNDAREFNI

1. Staða skráningar
2. Kostnaður vegna skorts 2024-2027, skýrsla kynnt
3. Notendahandbók, drög kynnt
4. Áætlun ársins 2025
5. Önnur mál

FUNDARGERÐ

GS / 24.10.2024

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

Landsnet/Teams

FUNDARMENN

Jón Skafti Gestsson (JSG)

Una Guðrún Gautadóttir (UGG)

Þorsteinn Sigurjónsson (ÞS)

Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)

Guðmundur Sigfinnsson (GS)

Gísli Þór Ólafsson (GÞÓ)

Erlingur Hjörvar Guðjónsson (EHG)

Baldur Hólm (BH)

Fjarfundur

Fjarfundur

Fjarfundur

FYRIRTÆKI

Landsnet

Landsnet

Orkustofnun

EFLA

EFLA

RARIK

RARIK

Norðurorka

FJARVERANDI

Benedikt Einarsson (BE)

Egill Sigmundsson (ES)

Ragnar Emilsson (RE)

FYRIRTÆKI

Veitur

HS-Veitur

Orkubú Vestfjarða

DREIFING

START hópurninn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

3350-003-04-SKY-012-V01-Kostnaður vegna skorts fyrir árið 2023.pdf

HANDBOK60_Drög_október_2024_KR_IJB - Kaflar 3-5 sent.pdf

3350-003-VEA-008-V01 Verkefnishandbók_START_25_drög.docx

NÆSTI FUNDUR

22.05.2025 / 10:00

Fundur START hópsins var haldinn hjá Landsneti og sem fjarfundur í Teams.

1. Kostnaður vegna skorts

GS fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2024, 2025, 2026 og 2027“.

Kostnaður vegna raforkuskorts sem urðu vegna fyrirvaralausra truflana á forgangsorku í flutnings- og dreifikerfum var 988 m.kr. á árinu 2023 samanborið við 2.137 m.kr. árið 2022. Farið var yfir heildarkostnað og skerðingar vegna fyrirvaralausra raforkutruflana eftir landshlutum á árunum 2020 til 2023, annars vegar af almennri forgangsorku og hins vegar af forgangsorku til stórnotenda raforku. Einnig var farið yfir skerðingar vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum raforku sem leiddu þó ekki til skerðingar á afhentri forgangsorku eftir landshlutum á árunum 2015 til 2023.

Sú aðferðafræði sem lokið var við innleiðingu á hjá START hópnum árið 2022, þar sem kostnaður er reiknaður út frá kostnaðarföllum einstakra notkunarflokka niður á einstaka fyrirvaralausar raforkuskerðingar, felur það í sér að hægt er að greina raforkutruflanir með nánari hætti en eldri aðferðafræði bauð upp á. Farið var á fundinum yfir þróun kostnaðar eftir notendaflokkum, landshlutum, tímalengdarbilum skerðinga og mánuðum á árunum 2020 til 2023.

2. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrslna hjá veitunum.

UGG fór yfir stöðu Landsnets. Tóku Dynk í notkun 1.apríl 24 en notast áfram við eldra skráningarkerfi til hliðar í upphafi eða a.m.k. þar til innleiðingu nýja kerfisins verður að fullu lokið

Norðurorka: Gengur vel

GÞÓ nefnir margar erfiðar truflanir hjá RARIK það sem af er ári. Stóra truflunin 2. október síðastliðinn er þó það eina sem ekki er lokið skráningu á sem stendur. Tilfinningin er að 2024 komi verr út en 2023 hjá RARIK.

3. Drög að notendahandbók kynnt

IJB fór yfir drög að uppfærðri notendahandbók. Vinnu ekki full lokið en stefnan að klára útistandandi vinnu fyrir lok árs.

4. Áætlun ársins 2025

IJB fór yfir verkefnastöðu ársins og verkefnisáætlun næsta árs.

5. Önnur mál

- a) START gögn hjá Orkustofnun fyrir tímabilið 1989-2023. Varðveisla? IJB benti á að EFLA er með þessi gögn í vörslu hjá sér, svo hægt er að nálgast þau þar ef til þess kæmi.

- b) Valkvæða atriði (notkun) og breyttar skráningarreglur. Umræða um sæmræmdar túlkanir á skráningar m.a. á undirliggjandi orsökum truflunar. IJB óskar eftir upplýsingum frá fyrirtækjum um notkun á valkvæðum atriðum.
- c) Kynning á Dynk, skráningarkerfi Landsnets. UGG fór yfir nýtt skráningarkerfi Landsnets sem tók við af gamla kerfinu (Landstjóra) í apríl í ár. Notað sem viðmót fyrir gagnagrunninn. Fór yfir virkni Dynks með sýnidæmum og ljóst að um er að ræða talsvert notendavænna skráningakerfi en notast var við áður. Reynslan bendir til u.þ.b. 5 mínútur á hverja skráningu í stað 15 mínútur í gamla kerfinu.
- d) IJB fór yfir hvernig kerfið býður upp á viðbætur sem einfalt er að bæta við með einstaka kóðum.

Fundi slitið.